

Fundur í stjórn foreldrafélagsins 6. des. 11

Mættir voru:

Erla Rán, Vaka, Sigríður, Höskuldur, Áshildur, Ásdís, Guðrún Silja og Lilja Dögg.

Forföll kennara rædd:

Hvað er gert þegar kennarar veikjast?

Sú staða hefur komið upp að tveir kennarar af þremur í teymi hafa veikst og þá situr einn eftir með allan hópinn ásamt íhlaupafólki, ef það finnst. Nemendahópurinn getur talið hátt í 60 börn.

Foreldrafélagið telur að svona aðstæður geti skapað agavandamál og geti ekki talist æskilegt námsumhverfi. Foreldrafélagið óskar eftir skýringum á því hver stefna Akureyrarbæjar sé varðandi forfallakennslu. Er það úrræði að skera niður allar stöður í forfallakennslu tímabundið eða til frambúðar?

Jólasveinar ganga um gólf:

Í fyrra komu ekki jólasveinar á litlujólin. Nemendum fannst það algjörlega ólíðandi og skólastjóra of dýrt. Því ætlar foreldrafélagið að kanna verð á jólasveinum og athuga hvort hægt sé að bjarga litlujólunum.

Hávaði í skólum:

Valdís Jónsdóttir talmeinafræðingur setti sig í samband við Vöku og vildi ræða við foreldrafélagið um hávaða í skólum. Samkvæmt rannsóknnum eru 60% barna með eyrnasuð sem skapast vegna of mikils hávaða í skólum. Vaka vil koma þessu á framfæri við SAMTAKA og ætlar Sigríður að fara með erindið þangað.

Hollt og gott nesti:

Foreldrafélagið vil að skólinn sýni meiri hófsemi í sætindadögum og taki nestismál fastari tókum.

Upplýsingaflæði til foreldra:

Foreldrum finnst vera mun minna upplýsingaflæði til þeirra um námslega stöðu barna þeirra en var í fyrra. Þeim finnst vanta að verkefnabækur séu uppfærða og staða barna þeirra gerð sýnilegri. Foreldrafélagið vill vita ástæðuna fyrir þessu.

Framkoma:

Foreldrar telja að börnin sín þjálfist ekki nægilega í framsögn og í að koma fram. Fullt af góðum hlutum eru í gangi en flest af því miðast við þau börn sem hvort sem er eru dugleg að koma fram.

Agi, virðing, metnaður:

Rætt var almennt um upplifun okkar af hegðun nemenda í skólanum. Tilfinningin var að herða mætti tókin á ákveðnum þáttum s.s. mætingu nemenda. Setja þeim skýran og nákvæman tímaramma á mætingu og ætlast til að þau mæti á réttum tíma. Foreldrum verði tilkynnt ef barn mætir ítrekað of seint.

Brýna fyrir þeim virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, t.d. þegar samnemandi flytur verkefni fyrir hópinn. Að allir hlusti og sýni tillitssemi.

Metnaður, að kennarar og nemendur krefjist þess að allir geri sitt besta. Að vita það að einhver hafi trú á manni getur fleytt nemanda lengra en hann hefði trúað sjálfur. Ekki slá af kröfum en hafa þær vissulega raunhæfar. Afburðanemendur fá líka það aðhald sem þeir þurfa og námsefni við hæfi.

Bekkjarkvöld:

Foreldrafélagið ætlar að áréttu það að bekkjarkvöldin eru ekki bara fyrir börnin heldur EIGI foreldrar að mæta líka. Bekkjarkvöldin eru hugsuð sem vettvangur fyrir foreldra til að hittast og kynnast.